

## Bókun Sjálfstæðisfloksins vegna ársreiknings Akraneskaupstaðar 2021

Ánægjulegt er að Akraneskaupstaður skilar á rekstrarárinu 2021 um 578 m.kr. afgangi á samstæðu reikningi bæjarins. Það er hins vegar mikil áhyggjuefni að jákvæð rekstrarniðurstaða er tilkomin vegna fjármagnsliða og einskiptis tekna sem ekki er hægt að reiða sig á til framtíðar.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisfloksins hafa varað við þeirri þróun í rekstri Akraneskaupstaðar á undanförnum árum að útgjöld vaxa hraðar en tekjur. Í aðdraganda fjárhagsáætlunar 2021 lögðu bæjarfulltrúar Sjálfstæðisfloksins fram tillögu í bæjarstjórn um að farið yrði í viðamikla úttekt á rekstri og stjórnsýslu Akraneskaupstaðar. Rúmu ári síðar er úttektinni lokið og niðurstöður liggja fyrir. Fyrstu skref nýrrar bæjarstjórnar er að setja skýr markmið og skilgreina aðgerðir til að auka reglulegar tekjur til framtíðar.

Áhyggjur Sjálfstæðisfloksins snúa m.a. að eftirtoldum staðreyndum sem sýnilegar eru í ársreikningum Akraneskaupstaðar á kjörtímabilinu og úttekt KPMG á rekstri Akraneskaupstaðar staðfestir.

Gjöld hækka langt umfram tekjur og nú er svo komið að reglulegar tekjur sveitarfélagsins duga ekki fyrir útgjöldum. Laun og launatengd gjöld hafa hækkað um 500 m.kr. milli ára á kjörtímabilinu sem skýrist af fjölgun starfa og hækkunum kjarasamninga. Þessi útgjaldaliður er nú orðin um 70% af tekjum bæjarsjóðs og hefur sjaldan verið hærri. Hlutfall þetta er með því hæsta sem gerist hjá sveitarfélögum á Íslandi. Taka þarf á þessum vanda því útsvarstekjur duga ekki fyrir launakostnaði sveitarfélagsins.

Gjöld hafa vaxið hraðar en tekjur undanfarin ár og því ljóst að áskoranir kaupstaðarins eru miklar nema það takist að stækka tekjustofna sveitarfélagsins með fjölgun íbúa og nýjum atvinnutækifærum. Samhliða auknum tekjum þarf að gæta aðhalðs í rekstrarútgjöldum því ef ekki næst að auka tekjur og halda í við útgjöld er fyrirsjáanlegur niðurskurður á þjónustu til að lækka kostnað sveitarfélagsins svo tryggja megi rekstrargrundvöllinn. Útsvarstekjur 2021 jukust þó meir en síðustu ár en þær tekjur skiliðu sér ekki í bættri rekstrarniðurstöðu því rekstrarkostnaður jókst jafnframt.

Útgjöld í málaflokk velferðar- og mannréttindamála hafa farið ört vaxandi og vegur málaflokkur fatlaðs fólk þar þungt og ljóst að framlag ríkisins dugar ekki til þeirra útgjaldala sem bæjarfélagið stofnar til. Uppsafernaður halli Akraneskaupstaðar af málafnum fatlaðra frá tilfærslu frá ríkinu til sveitarfélaga árið 2011 er 717 m.kr. Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisfloksins eru uggandi yfir stöðu málafloksins í heild en þessi hallarekstur eykur á fyrirsjáanlegan rekstrarvanda sveitarfélagsins.

RE  
SNS  
OK

Að lokum hvetja bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins nýja bæjarstjórn til að mæta útgjaldaaukningu með festu og gera reksturinn sjálfbærari því tækifærin eru til staðar. Varasamt er að treysta á einskiptistekjur, þ.e. fjármagnsliði, úthlutun lóða og arðgreiðslur til að ná fram rekstrarhagnaði því þær tekjur geta brugðið til beggja vona.

Það er og verður ávallt hlutverk bæjarfulltrúa á Akranesi að verja rekstur og þjónustu Akraneskaupstaðar við íbúa og tryggja að Akraneskaupstaður geti sinnt þeim mikilvægu verkefnum, uppbyggingu og þjónustu sem honum ber til framtíðar. Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins hafa ekki látið sitt eftir liggja í þeim efnum á kjörtímabilinu og munu áfram standa vaktina fyrir Akranes.

Rakel Oskarsdóttir

Rakel Oskarsdóttir

Sandra Margrét Sigurjónsdóttir

Sandra Margrét Sigurjónsdóttir

Einar Brandsson

Einar Brandsson

Ólafur G. Adolfsson

Ólafur G. Adolfsson